

samkv. 3. tölulið sama kafla með 750% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi. **165**

27. des.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1954.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

166

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum. **27. des.**

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 92/1954, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1955 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1954.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

167

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1955. **24. des.**

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 109/1954 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1955.

Leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 24. desember 1954.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorslacius.